

SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR HF.


GRUNNEINKUNN 78 / B2

A1-A3	B1-B3	C1-C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt


UFS NIÐURSTÖÐUR

NIÐURSTÖÐUR	Vægi	Stig	Einkunn
Heildareinkunn	100%	78	B2
Umhverfisþættir	11.5%	88	A3
E.1 Visthagkvæmni	4.5%	88	A3
E.2 Umhverfisstjórnun	7%	88	A3
Félagsþættir	24.5%	97	A1
S.1 Vinnuumhverfi	7%	100	A1
S.2 Velferð starfsfólks og viðskiptaánægja	17.5%	96	A2
Stjórnarþættir	64%	70	B2
G.1 Almennir stjórnarþættir	10%	93	A2
G.2 Starfshættir og aðfangakeðja	24%	80	B1
G.3 Vörur og þjónusta	30%	54	C1

UFS EINKUNN



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Sjóvá nær áfram góðum árangri í UFS mati Reitunar árið 2023 og endar með 78 punkta í flokki B2. Stefna félagsins um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni er metin virk og forstjóri fer fyrir málaflökkinn. Áherslur Sjóvá á sviði sjálfbærni endurspeglast meðal annars í þjónustu- og vöruframboði, þar sem umhverfis- og vistfræðileg sjónarmið eru höfð að leiðarljósi. Lausnin Innsýn gerir starfsfólki á tjonasviði kleift að sjá tjonavettvang í samskiptum við viðskiptavini í gegnum farsímamyndavél. Innsýn hefur einnig nýst í fasteignaskoðanir og er í senn hagkvæm og umhverfisvæn. Að sama skapi hefur félagið lagt áherslu á endurnýtingu vegna ökutækjajóna og að hvetja viðskiptavini til þess að velja umhverfisvænni leiðir í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna ytri þátta í starfseminni. Sjóvá stendur vel í flokki um umhverfisþætti og hefur mótað góða umgjörð utan um umhverfisstjórnun, bæði er varðar innri þætti og ytri áhrif vegna starfseminnar. Aðkoma stjórna og stjórnenda með loftslagstengdum málefnum er virk og jákvætt er að aukinn áreiðanleiki er metinn í umhverfisbókhaldi árið 2022.

Félagið nær áfram framúrskarandi árangri í flokki um félagsþætti og hlýtur þar hæstu stig, þrátt fyrir auknar kröfur á milli ára. Rík áhersla er lögð á jafnrétti og að stuðla að jákvæðu vinnustaðumhverfi með fjölbreyttri þjónustu og virkri fræðslu til starfsfólks. Sjóvá vinnur markvisst að því að bæta þjónustu við viðskiptavini og veitir einnig forvarnarfræðslu í þeim tilgangi stuðla að auknu öryggi og fyrirbyggja tjon. Mælingar á viðskiptaánægju gefa góða niðurstöður á árinu og er Sjóvá áfram efst váttryggingafélaga á íslenskum markaði í Ánægjuvuginni árið 2022, sjötta árið í röð.

Váttryggingafélög á Íslandi starfa undir miklu regluverki og eftirliti Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og Sjóvá stendur vel að almennum stjórnarháttum og viðskiptasiðferði. Tryggingafélög á heimsvísu huga nú í auknum mæli að því að innleiða UFS þætti í áhættumat á tryggingatökum og jákvætt er að félagið hefur tekið skref í þá átt. Upplýsingaöryggi er stór áhættuþáttur í starfsemi váttryggingafélaga og jákvætt er að félagið vinnur markvisst að því að lágmarka þar áhættu í samræmi við ISO 27001 vottun. Sjóvá heldur áfram á sinni sjálfbærnivægferð og hefur á síðastliðnu ári unnið að því að bæta umgjörð utan um birgjamál með tilliti til sjálfbærni og mótað stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Síðar á árinu 2023 stendur til að gera tvíhliða mikilvægisgreiningu og heildstæða stefnumótun í kjölfarið, sem áhugavert verður að fylgjast með.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Sjóvá er fyrir ofan meðaltal í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS greiningu hjá Reitun (fjöldi um 40). Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 72 stig af 100 mögulegum, flokkur B2. Sjóvá fær 78 stig og endar í flokki B2.

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggja fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neindir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reituna